

Hringt í útlöndum

Þegar ferðast er til útlanda er gott að hafa nokkur atriði í huga: Hvað kostar að hringja og hlaða niður efni (t.d. í tölvupósti) í viðkomandi landi? Er verðþak á gagnamagni? Þarf að gera einhverjar ráðstafanir, t.d. varðandi stillingar á símtæki áður en haldið er utan?

Símtækin:	Kannið hvort símtækið virki í því landi sem verið er að fara til.
Netlyklar:	Netlyklar eru opnar fyrir notkun erlendis en notkun þeirra getur verið kostnaðarsöm.
Snjallsímar/ Spjaldtölvur:	Mikilvægt er að gera sér grein fyrir þeirri notkun sem forrit snjallsíma geta staðið fyrir. Ráðlegt er að slökkva á öllu reiki í snjallsímum og spjaldtölvum þegar farið er út.
Frelsi:	Rauntímarukkun á sér ekki stað í útlöndum og geta því bakreikningar komið eftir á.
Talhólf:	Ráðlegt er að slökkva á talhólfi þegar farið er til útlanda
ESB/EES	Reikisamningar gilda (e. Roam like at home)

SÍMTÆKI Tíðnir sem símar nota sem eru mismunandi eftir löndum. Mikilvægt er að sjá hvaða tíðni símtækið notar og hvaða tíðni er í því landi sem á að ferðast til. Hægt er að finna upplýsingar um þetta á vefsíðum, en einnig er hægt að koma með símtækið í verslun og fá aðstoð við að kanna málið. **Farsímatíðni eftir löndum. Upplýsingar um símtæki.** (Oftast er hægt er að sjá tegund símtækis undir rafhlöðunni)

NETLYKLAR ERLENDIS Allar þjónustur í kringum Netlykla 365 eru opnar erlendis og hægt að nota í flestum löndum. Þessi þjónusta er hins vegar mjög kostnaðarsöm og ekki ráðleg nema fólk geri sér grein fyrir þeim kostnaði. Þessi notkun er aldrei innifalin í áskriftarleiðum sem eru keyptar hjá 365 og reiknast ekki í rauntíma svo háir bakreikningar gætu komið.

STILLINGAR Í SNJALLSÍMA/SPJALDTÖLVUR Meirihluti seldra símtækja og spjaldtölva í dag bjóða upp á þann möguleika að vafra um á netinu. Þetta er hægt í flestum löndum heimsins, en getur reynst mjög kostnaðarsamt. Það eru mörg forrit sem senda og ná í upplýsingar á netið þó ekki sé verið að fara sérstaklega á netsíður og GPRS staðsetning getur einnig spilað hér inn í. Þessi notkun er ekki innifalin í neinum þjónustum hjá 365 en hægt er að setja stillingar tækja þannig að þau taki ekki við gagnamagni og reyna þannig að koma í veg fyrir óþarfa notkun. **365 getur ekki ábyrgst notkun erlendis** og hvetur fólk til þess að kynna sér bæði tæki sín sem og kostnað erlendis.

FRELSI Í ÚTLÖNDUM Aðgát skal höfð með inneignir á frelssis númerum erlendis. Þar sem rauntímarukkun á sér aldrei stað úti þá koma reikningar frá erlendum fyrirtækjum til 365 sem síðan rukkar fyrir þá notkun sem á sér stað. Þetta gerir það að verkum að ekki er hægt að treysta á það að inneign einfaldlega klárist ekki og ekki verði greitt fyrir meira en það.